

Eystrahorn

41. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 25. nóvember 2021

www.eystrahorn.is

Einlægur Önd



Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl gaf nýverið út sína áttundu skáldsögu, Einlægur Önd. Hann kom til Hafnar í vikunni ásamt fríðu föruneysi íslenskra rithöfunda á rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvarinnar sem var haldið miðvikudaginn 24. nóvember. Eystrahorn „sló á þráðinn“ til Eiríks og „tók á honum púlsinn“, eins og heitir.

Nú er nýja bókin þín ekki ævisaga þótt þú gerir eigin persónu þína að aðalpersónu í bókinni, og sjálfsagt er hún ekki heldur skáldsaga. Hvað er hér á ferðinni?

Einlægur Önd er ævisaga eftir Eirík Örn, en Eiríkur Örn er skáldsaga. Sagan er eftir rithöfundinn Eirík Örn og fjallar um rithöfundinn Eirík Örn – það er eitt og annað sem þeir eiga sameiginlegt en það er einnig ýmislegt sem skilur þá að. Hann er útgáfa af sjálfum mér, eða tilgáta um sjálfan mig – hvernig gæti verið fyrir mér komið ef ég hefði minni kontról á brestum mínum. Þessi Eiríkur Örn bókarinnar varð ærulaus af skrifum sínum og hegðun – honum var eiginlega „slaufað“ – og sekkur í kjölfarið í djúpa skömm sem hann kann ekkert að leysa úr. Þegar honum býðst svo að kenna ritlistarnámskeið í gegnum netið, á vegum norsks fyrirtækis, þykist hann himinn hafa höndum tekið alveg þangað til einhver (hann grunar nemendur sína) kastar múrstein innum gluggann hjá honum með þeim skilaboðum að honum sé hollast að draga sig aftur í hlé. Það sé mikil ábyrgðarstaða að kenna ritlist og ekki fyrir ærulausa menn. Þá flyr Eiríkur Örn inn í skáldskap sinn og byrjar að skrifa sögu ærulausa rithöfundarins Felix Ibaka í landinu Arbítreu þar

sem smáun er bundin í mjög sérstakar venjur – þar sem fólk er uppálagt að bera múrsteina, sem standa á brettum á öllum götuhornum, að húsum hinna ærulausu á hverjum morgni, og hinum ærulausu er gert að bera múrsteinana aftur út á horn. Felix hefur sjálfur flúið inn í sínar eigin bókmenntir og vinnur að fræðiriti um sögu og heimspéki skamrar og smáunar í Arbítreu, með önnur Evrópulönd til samanburðar.

Þetta eru þannig sögur innan í sögum sem allar eiga það sameiginlegt að skoða bæði skömm og smáun og samband sannleika, lyga og skáldskapar. Í sjálfu sér er þetta skáldsaga samkvæmt öllum kúnstarinnar reglum – það vill bara til að þær reglur eru dálítið sveigjanlegar. Framvinda sögunnar er skáldskapur þótt ég hafi hent sjálfum mér inn á sögu sviðið.

Hvernig hefur þetta “fordæmalaus” ástand síðustu missera markað, a, list þína - b, afkomulega framsetningu hennar?

Ætli það beini ekki öllum svoltið í sama farveg? Við innbyrðum sama veruleika og skilum honum svo af okkur eftir meltingu. Sem betur fer eru meltingarkerfi mismunandi listamanna ólík. Raunar sýnist mér afar lítið um sérstakar „covidbókmenntir“ í ár – eins og gerðist strax eftir hrun – lítið um bækur sem eru með sinn aðalfókus á veirunni. Þess í stað fær veiran bara að „fljóta með“ í ljóðunum, í krímmunum, ástarsögnum og öllu hinu. Ég gæti líka best trúað því að við værum öll aðeins uppteknari af óljósum óhugnaði – samfélagið hefur náttúrulega ekki staðið í líkum upp fyrir haus líkt og gerðist í spænsku veikinni, vegna þess að við höfum getað komið í veg fyrir

það, en ástandinu fylgir þessi viðstöðulausa nagandi óvissa sem markar upplifun manns og skynjun og þar með list og sköpun.

Þetta hefur farið illa með tekjurnar. Ég ferðaðist mikið á bókmennta- og ljóðahátíðir um allan heim og það hefur auðvitað allt farið til andskotans. Kannski horfir það til betri vegar – ég fór í mína fyrstu þannig ferð í 20 mánuði bara um daginn. Í sjálfu sér hafa bæst við alls konar streymis- og vídjögigg en það er bæði vinna sem maður þurfti að læra alveg frá grunni og svo er það bara merkilega tímafrekt og maður fær enga innspýtingu á móti, hittir engan, inspirerast nákvæmlega ekki neitt af því að sitja fyrir framan myndavélina heima í stofu, eins og maður myndi gera af því að hitta fólk og sjá hluti. Og kannski er það þannig með allt í covid – þessi nýi veruleiki er í senn rosalega spennandi og alveg sjúklega leiðinlegur.

Hvaða gildi hefur það fyrir stórborgar/metropolitaníska rithöfunda að koma í smáþorp og lesa upp?

Þú þyrftir eiginlega að spyrja stórborgarhöfundana að þessu. Eg er bara Ísfríðingur. En það hefur heilmikla þýðingu fyrir mig að komast um landið, ekki síst á austurfríðinginn sem er svo langt í burtu. Leiðin liggur svo oft suður – reyndar svo oft að það er eini staðurinn í veröldinni þar sem ég fæ aldrei borgað fyrir að koma. Ef ég fer til Rio eða Barcelona, Tálknafjarðar eða Egilsstaða, fæ ég borgaða ferðina, upphald, gistingu og yfirleitt laun. Fyrir upplestur í Reykjavík fær maður laun í svona þriðja hvert skipti og ég hef aldrei fengið ferðina eða gistingu. Ég las síðast upp á Höfn í Hornafirði fyrir 18 árum með Nýhil í frekar alræmdri ferð um landið. Við höfðum lagt í vana okkar að skilja eftir okkur sviðna jörð í sveitarfélögum landsins en þrá nokkuð í brún þegar við komum til Hafnar beint í kjölfar Hugarhátíðar – sennilega á sunnudagsmorgni. Það var einsog það hefði fallið partíkjarnorkusprengrja á bæinn, tómir bjórkassar út um allt, flaksandi yfirgefni tjöld og rænulitir utanbæjarmenn að leita að bílunum sínum. Við Ófeigur Sigurðsson fórum á barinn og pöntuðum okkur bjór og ég gleymi aldrei augnaráðinu sem afgreiðslukonan sendi okkur. Það var eins og hún vildi spyrja hvort þessu ætlaði aldrei að linna. Aldrei þessu vant ákváðum við að lesa bara upp í rólegheitunum og læðast svo úr bænum aftur. Það var engin ósviðin jörð eftir fyrir okkur að sviða. En ég er mjög spenntur að koma aftur og löngu hættur að sviða jarðir og brenna brýr – nú vona ég bara að nóvember verði okkur ljúfur og það verði flogið, fyrst suður og svo austur.



Er ekki bara gott að versla í heimabyggð?

Erum með mikið úrval af fallegum og nytsamlegum gjöfum í jólapakkann

Úrval af rúmum í mörgum stærðum og gerðum, einnig fallegir höfðagaflar

Verið velkomin

Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664

Ópið virka daga kl.13-18 og laugardaga kl.13-16



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 28. nóvember
Sunnudagaskóli kl. 11:00.

Jólaög, aðventukrans og gleði.
Virðum sóttvarnarreglur.

Allir velkomnir.



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Sigrúnar Sæmundsdóttur
áður til heimilis að Víkurbraut
28b Höfn.

Bestu þakkir fær starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs fyrir hlýja og góða umönnun.

*Sæmundur Harðarson Vigdís Unnur Gunnarsdóttir
Sigfús Harðarson Þóra Jóna Jónsdóttir
Ásta Guðríður Harðardóttir Sigurjón Björnsson
Herdís Krístrún Harðardóttir Guðmundur Björnsson
Friðþór Harðarson Rigmor Jensen
Elín Sigríður Harðardóttir Hermann Stefánsson
og fjölskyldur.*



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

FÖSTUDAGSSAMVERAN í Ekru
fellur niður í þetta skipti, hefst
aftur eftir áramót.

Munið jólasamveru (brunch) í Pakkhúsinu
laugardaginn 4. des kl. 12:30.

Skráið ykkur strax.
Gaman, gaman.



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir allan hlýhug og
vináttu, vegna andláts og útfarar

Björns Jónssonar,
Dengsa okkar.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem studdu
hann og veittu aðstoð í veikindum hans
síðustu árin.

Blessuð sé minning hans.

Frændfólk og vinir



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Hringvegur um Hornafjörð

Auglýsing um endurútgáfu framkvæmdaleyfis og álit
Skipulagsstofnunar

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fundi sínum þann 12. nóvember s.l. að endurútgæfa framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar vegna Hringvegar um Hornafjörð samkvæmt leið 3b. Um er að ræða 18 km langan veg, gatnamót, ásamt 4 brúm og 7 efnistökusvæðum. Í endurútgæfni leyfi er veitt heimild fyrir aukinni efnistöku í námu nr. E48 Hólmsá, nr. E44 Djúpa, nr. E34 Hornafjarðarfjót og nr. E35 Skógveg. Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum vegarins, álits Skipulagsstofnunar, Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, umsóknar Vegagerðarinnar og umsagna Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins, forsendur, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar má nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir vefslóðinni <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/framkvaemdaleyfi/>. Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar, sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar www.uua.is.

Höfn í Hornafirði 23. nóvember 2021

F.h. bæjarstjórnar

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

Umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Jól fyrir sunnan?

Jólapakkar fyrir þá sem ætla suður fyrir og yfir hátíðirnar

Frábær gisting í næsta nágrenni við fjölda verslana í Smáralind.

Verð frá 15 þúsundum nóttin.

Ný herbergi, gott aðgengi og næg bílastæði.

Litlar íbúðir fyrir fjölskyldufólk

Upplýsingar á 201hotel.is og síma 556-1100

Bókið með því fara heimasíðuna okkar og notið orðið "jolakjafir" í Promocode.

201
HOTEL



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ríttjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Opið bréf til bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Efni: Framkvæmdir við Sindrabæ

Ágætu bæjarfulltrúar.

Okkur kennurum við Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu ofbýður seinangangur og metnaðarleysi gagnvart tónlistarnámi og tónlistarkennslu og þeirri starfsemi sem "Tónlistarhúsi Hornafjarðar" hefur verið sýnd (Tónlistarhús Hornafjarðar - greinargerð útgefin af Glámu-Kím mars 2013).

Framkvæmdir og endurbætur á Sindrabæ hafa verið mörg ár í deiglu og hluta endurbótanna er lokið þó nóg sé enn eftir. Við höfum haldið í þá von sem okkur er gefin af stjórnendum sveitarfélagsins þess efnis að nú séu breytingarnar rétt handan við hornið. Fundargerð frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árin 2022-2025 hefur verið birt á heimasíðu sveitarfélagsins, þar eru endurbætur á Sindrabæ á áætlun á árunum 2023-2025.

Í fjárhagsáætlun fyrir liðandi ár var gert ráð fyrir framkvæmdum í Sindrabæ. Það hafðist loksins að klára hönnun og útböðsgögn, en því miður seinkaði þeirri vinnu langt fram úr hófi þannig að ekkert varð úr framkvæmdum eitt árið enn. Það er engu líkara en arkitektar og bæjarstjórn skiptist á að draga lappirnar. Þvílíkan og annan eins tíma sem það hefur tekið að hanna, teikna, spekúlera og koma einhverju í verk. Mörg undanfarin ár höfum við sem störfum í skólanum andað djúpt og látið okkur hafa það eitt árið enn að búa við óbreytt ástand. Okkur sviður að vinnubrögðin hafi verið með þessum hætti gegnum árin og engar raunverulegar breytingar séu í sjónmáli. Er vilji bæjaryfirvalda til að fylgja málinu eftir af alvöru hugsanlega ekki til staðar?

Mikil þörf er á varanlegum endurbótum í stað bráðabirgðareddinga, sem því miður hafa einkennt síðastliðin ár. Húsnæðið skortir sárlega viðhald og ljóst er að rakaskemmdir eru í húsinu. Veggina "prýðir" bólginn málning og sprungur, á gólfunum er gliðnað parket, lausar vinyl flísar og gegnslitið teppi sem eingöngu var hugsað til bráðabirgða fyrir nokkrum árum. Húsnæðið hentar auk þess ekki til tónlistarkennslu í núverandi ástandi sökum skorts á hljóðeinangrun og loftræstingu. Ljós- og hljóðkerfi eru ekki í



góðum málum og vinnuástanda kennara, lítil og þröng kompa, er ekki ásættanleg.

Sindrabær nýtist sem húsnæði tónskólans og æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir og hina ýmsu kóra bæjarins; kvennakór, karlakór, barnakór og unglingsönghóp. Salurinn er nýttur undir tónleika, bæði á vegum tónskólans og annarra aðila, leiksýningar og fundi. Grunnskóli Hornafjarðar og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu nota salinn og aðrar stofur tónskólans til kennslu á hverjum vetri. Einnig nýta skólarnir salinn undir æfingar og skemmtanir. Auk þess nýta ýmis félagasamtök húsnæðið. Í kjallara hússins er æfingaaðstaða fyrir þá nemendur tónskólans sem sýnt hafa í verki að þeim sé treystandi fyrir slíkri aðstöðu. Það er ómetanlegt að geta boðið upp á slíkt athvarf fyrir okkar duglegu og áhugasömu nemendur.

Á efri hæð hússins eru fjórar kennslustofur, skrifstofa skólastjóra, herbergi með kvikmyndasýningarvél sem einnig nýtist sem geymsla fyrir hluta af nótnasafni skólans, biósalur sem einnig nýtist sem hópkenndustofa, kennarastofa og vinnuástanda kennara með ljósritunarvél, prentara, tölvu, hlutaafnótta-oghljóðritunarsafni skólans og vinnuborð. Þessar stofur eru ekki hljóðeinangraðar og veldur það mikilli truflun á kennslu. Hljóðbærnin veldur einbeitingarleysi hjá nemendum skólans og veitir þeim ekki öruggt námsumhverfi. Tónlistarlífið í bænum okkar hefur verið öflugt í fjöldamörg ár og í sameiningu er greinilega

hægt að gera ótrúlegustu hluti. Hornfirðingar hafa fulla ástæðu til að vera stoltir af tónskólanum sínum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram tengsl tónlistar og tónlistarnáms við góðan námsárangur og bættu líðan. Tónlistarnám kennir sjálfsgaga og eykur sjálfstraust, það býður upp á skapandi námsleiðir og kennir nemendum að vinna með öðrum. Öflugt fræðslu- og tómsundastarf fyrir börn og unglinga er mikilvægur þáttur í að gera sveitarfélagið að aðlaðandi búsetukosti fyrir fjölskyldufólk og mikilvægt að vel sé að því staðið.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla, almennum hluta, er gerð grein fyrir hvernig húsakosti eigi að vera háttáð hjá tónskólum landsins. Þar kemur bersýnilega í ljós að húsnæði Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu þarfnast mikilla umbóta. Samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla á að vera hljóðeinangrun og loftræsting í húsnæði tónlistarskóla og þar á einnig að vera greitt aðgengi fatlaðra. Á efri hæð Sindrabæjar er þessu öllu ábótavant og í salnum er ekki möguleiki fyrir einstaklinga með hreyfihömlun að fara upp á svið án aðstoðar. Samkvæmt aðalnámskrá á að vera skólasafn í öllum tónlistarskólum, þar sem nótur, bækur og hljóðritasafn skólans eru aðgengileg fyrir nemendur að nota. Safn Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu er annarsvegur í herbergi með viðkvæmum sýningarbúnaði og hinsvegur í vinnukompu kennara. Það þarf að gera ráð fyrir að nemendur skólans hafi aðstöðu til lestrar, hlustunar og annarar vinnu.

Nemendur þurfa einnig að hafa aðgang að æfingarymum sem eiga að vera hljóðeinagruð.

Sveitarfélagið Hornafjörður gaf út menningarstefnu fyrir árin 2016-2026 og þar var m.a. talað um mikilvægi öflugs tónlistarlífs. Stefna átti að því að styðja við tónlistarmenntun og treysta grundvöll Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Styðja átti áfram við starfsemi kóra, tónlistarhópa og tónlistarhátíða í sveitarfélaginu, auk þess sem bjóða átti áfram upp á góða aðstöðu til tónlistarflutnings.

Ef viðhald á Sindrabæ, húsnæði tónskólans, Tónlistarhúsi Hornafjarðar (sbr. greinargerð Glámu-Kím 2013) er frestað eitt árið enn er enn gengið þvert á samþykktu menningarstefnu sveitarfélagsins. Þá er hvorki verið að styðja við tónlistarmenntun né boðið upp á viðunandi aðstöðu til tónlistarflutnings. Starfsemi tónskólans stendur ekki á styrkum grundvelli þegar húsnæðið er í ólagi.

Það er einlæg ósk okkar að sveitarfélagið endurskoði fjárhagsáætlun sína og komi viðhaldi og endurbótum á Sindrabæ aftur á áætlun.

Hornafirði, 18.11. 2021

*Með kveðju,
Eymundur Ragnarsson,
Hafðís Hauksdóttir,
Jörg Sondermann,
Katrín Birna Þráinsdóttir,
Luiz Carlos Trindade,
Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal*

Vegleg gjöf



Okkur á Skjólgarði barst vegleg gjöf í sumar. Fengum við 3 rafmagnsgöngugrindur og 10 ný sjúkrarúm ásamt dýnum.

Þessi gjöf barst frá Gjafa- og minningarsjóði Skjólgarðs og þökkum við kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf, Hún mun svo sannarlega koma sér vel.

*Jóhanna Sigríður,
framkvæmdastjóri hjúkrunar á
Skjólgarði*



30 km hámarkshraði íbúðargötum – Umferðaröryggisáætlun

Sveitarfélagið Hornafjörður vill vekja athygli íbúa á því að nú er unnið að uppsetningu skilta sem takmarka hámarkshraða í íbúðargötum í samræmi við umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins., en hana má sjá á vefnum www.hornafjordur.is undir stefnur og skýrslur.

Markmiðið með breytingunni er að auka öryggi allra bæjarbúa og gesta, gera gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði og fækka óhöppum og slysum í umferðinni. Sýnt hefur verið fram á að hraði ökutækja hefur mikil áhrif á annars vegar fjölda slysa og hins vegar alvarleika slysa.

Meðfylgjandi eru kort úr umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins sem sýnir með gulu þær götur sem verða með 30 km hámarkshraða.



Gular götur - hámarkshraði 30 km

Uppsetning skiltanna tekur einhverja daga og biðjum við íbúa að sýna okkur biðlund á meðan.

Vakin er athygli á því að við notast er við tvennskönar hraðatakmarkunarskilti. Hraðmerking 30 km svæða er merkt með ferköntuðu merki og gildir þá hraðatakmarkun á öllum götum innan svæðisins. Þar sem notuð eru hringlaga merki, sérstök takmarkun hámarkshraða, þá gildir það í akstursstefnu á þeim vegi sem það er sett við eða þar til önnur hraðamörk er gefin til kynna með nýju merki.



Jólasíld Fyrirliðans og KKD Sindra
er á leið til byggða og hægt er að pantast
á facebook síðu deildarinnar:

[facebook.com/kkdSindra](https://www.facebook.com/kkdSindra)

Einnig tekur Fyrirliðinn við pöntunum
í síma 857-8813

250g - 2.500kr

1.1kg - 4.000kr

2.9kg - 8.000kr

Erum einnig með lakkris
og nammi á 2.000kr

Pöntunum verður svo keyrt heim að dyrum.

Við á Skjólgarði auglýsum eftir húsverði.

Við óskum eftir einstaklingi sem er

- Handlaginn
- Jákvæður
- Stundvís
- Með ríka þjónustulund
- Lönmenntun er kostur.

Umsóknir og allar frekari upplýsingar fást hjá Jóhönnu Sigríði framkvæmdastjóra hjúkrunar, johanna@skjolgardur.is eða í síma 855-2305



Myrkir markaðs- dagar.

Frábær tilboð í stærstu
vefverslun landsins*



heimkaup

Fljúgum inn jólin með framlengingu vetrartilboða

Lækkað verð nettilboða
og barnafargjalda

GILDIR TIL 10. JANÚAR

Jólapakkasendingar
með 30% afslætti

GILDIR TIL 24. DESEMBER

Höfn í Hornafirði - Reykjavík

	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Brottför	Lending
Frá Reykjavík	●		●		●			08:55	09:50
				●				13:20	14:15
							●	14:00	14:55
					●			16:35	17:30
	●		●					17:30	18:25
Frá Höfn í Hornafirði	●		●		●			10:10	11:10
				●				14:40	15:40
							●	15:15	16:15
					●			17:55	18:55
	●		●					18:45	19:45

